

## Skýrsla stjórnar Samtaka sprotafyrirtækja Lögð fram á aðalfundi 30. janúar 2019.

### Ágætu félagsmenn.

Nú er lokið 14. starfsári Samtaka sprotafyrirtækja, SSP, sem voru stofnuð 2. júní 2004. Markmiðið með stofnun SSP var að vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniöðnaðar á Íslandi. SSP er starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarinnar (SI).

Miðað er við þá skilgreiningu að sprotafyrirtæki séu fyrirtæki sem sprottin eru upp úr rannsókn- eða þróunarverkefnum einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknarstofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi á því sviði sem viðkomandi fyrirtæki starfar á.

Miðað er við að fyrirtækin séu hlutafélög (hf.), einkahlutafélög (ehf.) eða samvinnufélög (sf.) og að:

- Þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé að jafnaði a.m.k. 10% af veltu þegar horft er til yfirstandandi starfsárs og þriggja síðustu ára.
- Þá er gert ráð fyrir að fyrirtæki hætti að teljast sprotafyrirtæki þegar þau hafa náð veltu sem nemur einum milljarði króna á ári eða verið skráð í aðallista kauphallar.

Fyrirtæki innan SSP eru góður þverskurður tækni- og hugverkafyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, leikjaiðnaði, líftækni, orku- og umhverfistækni, heilbrigðisiðnaði/tækni, matvælatækni, véltækni og byggingartækni. Í SSP eru á fimmta tug fyrirtækja sem falla undir áður nefnda skilgreiningu.

### Stjórn SSP 2018

Í stjórn SSP voru eftirfarandi aðilar kjörnir á síðasta aðalfundi 7. febrúar 2018:

#### Formaður

- Erlendur Steinn Guðnason, Spectaflow ehf.

#### Meðstjórnendur

- Íris Ólafsdóttir, Kúla 3D ehf.
- Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, CRI ehf.
- Fida Abu Libdeh, geoSilica ehf.
- Ingi Björn Sigurðsson, Icelandic Startups
- Kristinn Aspelund, Ankeri Solutions ehf.
- Oddur Sturluson, TeqHire ehf.

### Helstu þættir í starfsemi SSP 2018

#### • 7. febrúar – Opinn aðalfundur SSP um fjármögnunarumhverfi sprota

Stjórn SSP hélt vel heppnaðan opinn aðalfund annað árið í röð og var góð mæting og áhugaverð erindi:

- Stefán Björnsson hjá Solid Clouds fjallaði um reynslu fyrirtækisins af nýtingu á skattafslættinum sem innleiddur var með nýsköpunarlögunum 2016.
- Jón Ágúst Þorsteinsson hjá Klöppum talaði um reynslu af fjármögnun og skráningu Klappa á First North.



- Haukur Guðjónsson hjá Viking Entrepreneur talaði um Samtök englafjófesta og fjárfestingu íslenskra engla.
  - **9. apríl – Grein í Fréttablaðinu og Vísi: SSP hvetur til eflingar nýsköpunarlaganna**  
Grein eftir formann SSP birtist í Fréttablaðinu og á Vísi. Þar voru íslensk stjórnvöld hvött til að efla ákvæði nýsköpunarlaganna frá 2016, sem sannarlega hafa skilað árangri, enn frekar svo fleiri fyrirtæki geti komið spennandi verkefnum í framkvæmd.  
Tengill: <https://www.si.is/frettasafn/ssp-hvetur-til-eflingar-nyskopunarlaganna>
  - **25. apríl – Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld**  
Stjórn SSP vann að umsögn um frumvarp um breytingar á nýsköpunalögunum frá 2016 sem send var sameiginlega af Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins. Athugasemdir sneru að: 1) ákvæðum varðandi tengda aðila sem fella ætti niður; 2) stærðarmörkum fyrirtækja úr 25 starfsmönnum og 650 milljóna ársveltu í 125 starfsmenn og 10. milljóna evra í ársveltu; 3) að fyrirtæki á First North uppfylli ákvæði laganna; 4) að skoða möguleika á að einstaklingar geti fjárfest í sérstökum fjárfestingasjóðum; 5) að bakfærsla frádráttar verði felld úr lögum og; 6) hækka þak kaupréttaráætlana úr 600 þús.kr. í 3 milljónir og að fyrirtæki greiði tryggingargjald við sölu á bréfum en ekki nýtingu ákvæðisins.  
Tengill: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-1368.pdf>
  - **29. og 30. maí – Vinnustofur stefnumótunar SSP**  
Dagskrá vinnufundanna var þannig að í upphafi voru tvö innlegg. Annars vegar fór Erlendur Steinn Guðnason formaður SSP yfir starfsemi samtakanna og þá stefnumótun sem framundan er á vegum stjórnvalda í nýsköpunarmálum. Hins vegar fór Ragnheiður H. Magnúsdóttir, þáverandi formaður Hugverkaráðs, yfir stöðu MIT verkefnis um nýsköpun og þróun á Íslandi og deildi með þátttakendum sinni framtíðarsýn fyrir íslenskt sprotaumhverfi. Í kjölfarið voru vinnustofur með breiðri þátttöku frumkvöðla, fjárfesta og fulltrúa úr stuðningsumhverfinu undir stjórn KPMG. Þar var meðal annars farið yfir styrk- og veikleika umhverfisins í dag, óskastöðuna árið 2025 og markmið og aðgerðir sem þarf til þess að ná þeirri stöðu. Skýrsla liggur fyrir með samantekt niðurstaðna og markmið og aðgerðir. Niðurstöður voru nýttar við mótun nýsköpunarstefnu SI og munu leiða áframhaldandi forgangsröðun verkefna SSP.
- 
- **29. ágúst – Vaxtarsprotinn 2018**  
Vaxtarsproti ársins var veittur í 12. skiptið í Grasagarðinum en vinningshafinn var Kaptio. Fyrirtækið selur bókunarkerfi fyrir ferðaiðnaðinn og eru viðskiptavinir þess ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur með starfsstöðvar á Íslandi, Bretlandi, Kanada, Bandaríkjunum, Kína og Ástralíu. Tekjur félagsins jukust um 211% milli árana 2016 og 2017 og fóru úr 71 milljón króna í 221 milljón króna. Þrjú önnur sprotafyrirtæki, Kerecis, Gangverk og ORF Líftækni, hlutu einnig viðurkenningar fyrir vöxt í veltu en Kaptio, sem sýndi mestan hlutfallslegan vöxt auk þess að uppfylla önnur viðmið dómnefndar, fékk nafnbótina Vaxtarsproti ársins.
- Eftirfarandi fyrirtæki hafa hlotið Vaxtarsprotann:
- 2007 **Marorka**
  - 2008 **Mentor**
  - 2009 **Mentor**
  - 2010 **Nox Medical**
  - 2011 **Handpoint**
  - 2012 **Valka**
  - 2013 **Meniga**
  - 2014 **DataMarket**

- 2015 Kvikna
  - 2016 Eimverk
  - 2017 Kerecis
  - 2018 Kaptio
- **7. nóv - Atvinnustefna SI**  
Formaður SSP tók þátt í vinnuhópi um mótun nýsköpunarstefnu SI sem gefin var út sem hluti af atvinnustefnu SI: Mótum framtíðina saman. Atvinnustefnan var kynnt á fundi SI í Kaldalóni í Hörpu þar sem Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, stýrði pallborðsumræðum. Í umræðunum tóku þátt Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, María Bragadóttir, yfirmaður stefnumótunar hjá Alvotech, Gestur Pétursson, forstjóri Elkem Ísland, og Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra. Tengill: [https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/SI\\_Atvinnustefna\\_skyrsla\\_final.pdf](https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/SI_Atvinnustefna_skyrsla_final.pdf)
  - **11. desember - Frumvarp samþykkt vegna skattfrádráttar einstaklinga vegna fjárfestinga í sprotafyrirtækjum**  
Hluti þeirra breytinga á nýsköpunarlögum sem SSP hafði lagt til voru samþykkt á Alþingi í desember 2018:
    1. Gildistími lengdur til 2022.
    2. Orðin „*og þremur árum eftir*“ í 6. tölul. 2. mgr. falla brott.  
„Einstaklingur sé hvorki tengdur félaginu né félagasamstæðum þess, tveimur árum fyrir *og þremur árum eftir* skráða hlutafjárukningu...“
    3. Orðin „*eða starfsmaður*“ í 1. másl. b-liðar 6. tölul. 2. mgr. falla brott.  
„Einstaklingur sé hvorki tengdur félaginu né félagasamstæðum þess, tveimur árum fyrir og þremur árum eftir skráða hlutafjárukningu, á eftirfarandi hátt: a...“ „b. Sem beinn eða óbeinn stjórnarmeðlimur *eða starfsmaður félagsins*, eða annars félags sem á beint eða óbeint eignarhlutdeild í félaginu.“
    4. Orðin „*og árlega eftir það*“ í 1. másl. 12. tölul. 3. mgr. falla brott.  
„Áður en hlutafjárukning fer fram *og árlega eftir það* skal félag fá staðfestingu ríkisskattstjóra á því að öll skilyrði þessarar málsgreinar séu uppfyllt.“
    5. 2. másl. 5. mgr. fellur brott.  
„Ef einstaklingur sem notið hefur frádráttar skv. 1. mgr. selur þau hlutabréf sem voru grundvöllur frádráttarinn innan þriggja ára frá því að fjárfesting fer fram skal bakfæra upphaflega frádráttinn. *Jafnframt skal bakfæra upphaflega frádráttinn ef einstaklingur tekur upp tengsl við félagið skv. 6. tölul. 2. mgr, eða ef félagið eða starfsemi þess uppfyllir ekki lengur skilyrði 3. mgr. eða fellur undir 4. mgr.*“

Frumvarpið í heild sinni má finna hér: <https://www.althingi.is/alttext/pdf/149/s/0349.pdf>

Að lokum þakkar formaður fyrir samstarfið í fimm ár og óskar SSP velfarnaðar til framtíðar.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka sprotafyrirtækja,  
Erlendur Steinn Guðnason, formaður